

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. febrúar 2022

Mál nr. E-2036/2020:

A

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

B

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. janúar 2022, höfðaði A., [...], með stefnu birtri 6. mars 2020, á hendur B, [...], upphaflega til afhendingar á hlutum í einkahlutafélagi og viðurkenningar á skaðabótaskyldu. Málið var þá jafnframt höfðað gegn C [...], til réttargæslu.
- Stefnandi krefst í þessum þætti málsins viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda á tjóni stefnanda af vanefndum stefnda, en sú krafa var varakrafa stefnanda samkvæmt stefnu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, auk álags á málskostnað.
- Samkvæmt stefnu krafðist stefnandi þess jafnframt í aðalkröfu að stefnda yrði með dómi gert að afhenda stefnanda 500.000 hluti stefnda í D, [...], gegn greiðslu umsamins kaupverðs, [...] USD. Stefndi neytti heimildar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að leggja fram greinargerð um formhlið málsins einvörðungu og krafðist þess að kröfum stefnanda yrði vísað frá dómi.
- Með úrskurði dómsins [...] 2020 var framangreindri aðalkröfu stefnanda vísað frá dómi, svo og varakröfu hans að því er varðaði ætlað tjón „vegna fjármögnunar og millifærslu á kaupverðinu [...] USD til Íslands frá USA og vaxtatap vegna þess“. Þá var jafnframt talið að réttargæslustefnda væri aðeins stefnt vegna aðalkröfu stefnanda og honum úrskurðaður málskostnaður í samræmi við úrslit málsins. Málskostnaður bíður að öðru leyti efnisdóms. Úrskurður dómsins sætti ekki kærur til Landsréttar.
- Að framansögðu virtu stendur eftir varakrafa stefnanda samkvæmt stefnu, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda, sem beinist að stefnda einum, vegna annars tjóns en þess sem að framan greinir. Nánar tiltekið er á því byggt að stefnandi

eigi rétt á vangildisbótum innan samninga, úr hendi stefnda, vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir sökum kostnaðar við og í kjölfar samningsgerðar aðila. Því hafnar stefndi.

Málsatvik

- 6 Hinn [...] september 2018 gerðu E og stefndi með sér kaupsamning um kaup þess fyrrnefnda á öllu hlutafé stefnda í D en stefndi var á þeim tíma eigandi allra hluta í því félagi. Tekið var fram í samningnum að E kæmi fram sem kaupandi fyrir hönd félags sem væri í *undirbúningi*. Óumdeilt er að félagið D átti þá veiðirétt í [...] til helminga (50/50) á móti meðeiganda sínum, C.
- 7 Félagið A, stefnandi þessa máls, var stofnað [...] september 2018 og skráð í fyrirtækjaskrá síðar í sama mánuði. Er nefndur E tilgreindur sem fyrirvarsmaður þess í stefnu. Gögn málsins bera sömuleiðis með sér að félagið hafi tekið við þeim réttindum og skuldbindingum sem E eignaðist eða gekkst undir með framangreindum kaupsamningi, eins og nánar verður rakið í niðurstöðukafla dómsins.
- 8 Hinn [...] september 2018 tilkynnti þáverandi lögmaður stefnda, F þáverandi lögmanni stefnanda, G, með tölvupósti, að H, fyrirvarsmaður réttargæslustefnda, C, hefði tilkynnt honum kvöldið áður, að „hann“ hefði ákveðið að ganga inn í kaupin á félaginu D á grundvelli forkaupsréttar. Þegar hefði verið gengið frá skriflegum samningi um kaupin.
- 9 Fyrirvarsmaður stefnanda mótmælti sölunni sem heimildarlausri og ógildri með tölvupósti [...] september 2018. Salan fór eigi að síður fram og C mun nú vera eigandi hlutanna í D.
- 10 Með lögbannsbeiðni, sem tekin var fyrir hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu [...] september 2018, fór fyrirvarsmaður stefnanda fram á, að lagt yrði lögbann við því að H, fyrirvarsmaður C, hagnýtti sér þann rétt sem fylgdi hlutafjáreign í D. Þeirri beiðni hafnaði sýslumaður samdægurs. Sú niðurstaða var ekki borin undir dómstóla.
- 11 Stefnandi staðhæfir að það hafi verið fyrst við rekstur lögbannsmálsins, sem honum varð kunnugt um tilvist svonefnds *viðbótarsamkomulag[s]* við *samstarfssamning*, dagsetts [...] febrúar 2014. Samkvæmt því viðbótarsamkomulagi, sem undirritað var annars vegar af H fyrir hönd C og hins vegar af stefnda fyrir hönd D, átti C meðal annars forkaupsrétt við sölu á hlutum í D, eins og nánar verður rakið í niðurstöðukafla dómsins.

- 12 Nokkrir aðilar gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins, þ.m.t. E, fyrirvarsmaður stefnanda, og stefndi sjálfur. Þá gáfu skýrslu sem vitni lögmennirnir G, I og J, sem öll unnu að nefndum viðskiptum fyrir hönd fyrirvarsmanns stefnanda, og F, sem gætti hagsmuna stefnda. Loks gáfu skýrslu sem vitni K, sem hafði milligöngu um viðskiptin, L, viðskiptafélagi fyrirvarsmanns stefnanda, M, sonur stefnda, sem vann að sölu hluta í D fyrir hans hönd, og H, fyrirvarsmaður C Verður vikið að framburði þessara aðila í niðurstöðukafla dómsins, eftir því sem ástæða þykir til.

Helstu málsástæður stefnanda

- 13 Stefnandi byggði aðalkröfu sína meðal annars á því, svo og kröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda, að ósannað sé að C hafi átt þann forkaupsrétt sem stefndi heldur fram. Stefnandi hafi ekki verið upplýstur um það meðan á samningaviðræðum stóð. Stefnandi bendir á að viðbótarsamkomulag milli D og C, sem eigi að styðja þann rétt, sé óvottað og hafi fyrst komið í ljós við meðferð lögbannsmáls hjá sýslumanni. Telur stefnandi að það sé ranglega dagsett og ósannað að það hafi verið gert fyrr en eftir kaupsamninginn [...] september 2018.
- 14 Krafa stefnanda á hendur stefnda um viðurkenningu skaðabótaskyldu byggir enn fremur á því að stefndi hafi vísvitandi leynt stefnanda tilvist og efni nefnds viðbótarsamkomulags, hugsanlega í þeim tilgangi að fá hærra kaupverð fyrir eignarhlut sinn í veiðiréttindum [...]. Telur stefnandi að stefndi hafi komið óheiðarlega fram gagnvart honum í aðdraganda, við gerð, undirritun og framkvæmd kaupsamningsins og brotið trúnaðarskyldu gagnvart sér. Stefnandi hafi verið blekkur til að eyða dýrmætum tíma og fjármunum í samningaviðræður, kaupsamningsgerð, fjármögnun og millifærslu á fjármunum á milli landa. Með því hafi stefndi valdið stefnanda tjóni með saknæmum hætti, sem varði hann bótaskyldu á grundvelli sakarreglunnar. Öll skilyrði skaðabótaskyldu um bótagrundvöll, tjón, orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt. Þegar áfallinn kostnaður vegna kaupsamningsins, ráðgjafar við gerð hans og lögmanskostnaðar nemi rúmlega 8.000.000 króna.

Helstu málsástæður stefnda

- 15 Stefnandi andmælir málatilbúnaði stefnanda. Stefnandi byggir meðal annars á því að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem félagið hafi verið stofnað eftir að kaupsamningur aðila hafi verið undirritaður [...] 2018. Verði ekki á það fallist er

byggt á því að stefnandi beri sönnunarbyrði um sök og önnur skilyrði bótaábyrgðar, en krafa stefnanda feli í sér kröfu um vangildisbætur, þ.e. bætur sem geri hans eins settan fjárhagslega og ef enginn samningur hefði verið gerður.

- 16 Af hálfu stefnda er jafnframt á því byggt að stefndi hafi verið mjög skýr um það í gegnum allt ferlið að C ætti forkaupsrétt að hlutum stefnda í D. Þetta hafi komið fram í samskiptum aðila og til þess réttar hafi verið vísað í kaupsamningnum sjálfum. Það sé þar af leiðandi rangt að kaupandi hlutanna hafi ekki vitað af því að fyrir lægi forkaupsréttur af hálfu meðeiganda D í [...], sem C hefði nýtt sér.
- 17 Stefndi vísar sömuleiðis til þess að það að stefnandi hafi ímyndað sér að öll gögn vegna [...] væru í vörslu F lögmanns, án þess að stefndi eða nokkur á hans vegum hefði fullyrt slíkt, sé á hans ábyrgð en ekki stefnda. Stefndi mótmælir því að fyrir hendi hafi verið sérstakt gagnaherbergi hjá lögmanninum, sem þó hafi haft í sínum fórum gögn vegna kaupa stefnda á ánni árið 1996, auk gagna er tengdust málarekstri í framhaldi af þeim viðskiptum. Lögmaðurinn hafi hins vegar ekki komið að viðskiptum D og C á árunum 2012 og 2014 og því ekki haft gögn þar að lútandi.
- 18 Stefndi vísar til þess að viðbótarsamkomulag við samstarfssamning, dags. [...] 2014, hafi verið gert á sama tíma og C og D keyptu að jöfnu tæplega fjórðungshlut í hlutafélaginu N., sem var eigandi jarðarinnar [...]. Eigendur félaganna tveggja hafi talið rétt á þeim tímapunkti, þegar þeir voru að kaupa frekari eignir tengdar [...], að áréttu forkaupsrétt á eignum og félögum tengdum ánni. Efni viðbótarsamkomulagsins sé skýrt og grundvöllur að réttarstöðu stefnda við sölu á hlutum í D.
- 19 Stefndi byggir á því að stefnandi hafi að fullu verið upplýstur um forkaupsréttinn og þótt hann hafi ekki séð viðbótarsamkomulag um samstarfssamning, dags. [...] febrúar 2014, fyrr en á síðari tímapunkti breyti það ekki þeirri staðreynd að ekkert í því skjali sé á annan veg en stefndi hafði þegar upplýst stefnanda um, þ.e. að C ætti forkaupsrétt að hlutum í D. Stefndi beri ekki sakarábyrgð á því að stefnandi hafi ímyndað sér að slíkur forkaupsréttur væri ekki fyrir hendi, þrátt fyrir að hafa fengið upplýsingar um annað. Stefndi hafi því hvorki blekkt stefnanda né brotið það sem stefnandi vilji kalla trúnaðarskyldu eða *culpa in contrahendo* gagnvart honum.

Niðurstaða

- 20 Krafa stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda byggir eðli máls samkvæmt á því að kaupsamningur aðila, dagsettur [...] september 2018, hafi ekki

gengið eftir, þar sem C. hafi nýtt sér forkaupsrétt sinn við eigendaskipti að hlutum í D. Krafa stefnanda felur samkvæmt því í sér þá forsendu að C, sem er samkvæmt gögnum málsins eigandi D í dag, hafi átt forkaupsrétt að hinu selda hlutafé og að félagið hafi nýtt sér þann forkaupsrétt til að ganga inn í kaupin.

- 21 Aðilar málsins deila hins vegar um það, hvort stefndi hafi staðið eðlilega að málum í aðdraganda kaupsamningsgerðar, við gerð framangreinds kaupsamnings um kaup á hlutum í D og í framhaldi af gerð samningsins. Er nánar tiltekið um það deilt hvort stefndi hafi veitt fullnægjandi upplýsingar um að fyrir hendi væri forkaupsréttur C, sem næði til kaupa á hlutum í D, en þessi tvö félög voru meðeigendur að [...] og tengdum eignum á þessum tíma.

Um aðild málsins

- 22 Framangreindur kaupsamningur um kaup á öllum hlutum í einkahlutafélaginu D, dagsettur [...] september 2018, sem mál þetta varðar, liggur frammi í málinu. Aðilar þess kaupsamnings eru annars vegar stefndi, sem á þeim tíma var eigandi allra hluta í nefndu einkahlutafélagi, og hins vegar E, fyrir hönd félags sem þá var í undirbúningi, í samningnum nefndur kaupandi.
- 23 Í málinu liggur sömuleiðis frammi yfirlýsing úr gerðabók stefnanda, þar sem fram kemur að félagið hafi verið stofnað [...] 2018 og skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra [...] sama mánaðar. Samkvæmt yfirlýsingunni hefur stefnandi tekið yfir réttindi og skyldur samkvæmt framangreindum kaupsamningi.
- 24 Að því virtu verður að fallast á það með stefnanda að stefndi hafi með áritun sinni á nefndan kaupsamning samþykkt að réttindi og skyldur samkvæmt kaupsamningnum myndu færast frá E yfir til stefnanda. Réttindi og skyldur samkvæmt kaupsamningnum hafi svo í framhaldi af undirritun kaupsamningsins verið færð yfir til stefnanda, eftir stofnun og skráningu félagsins, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 138/1994. Að því virtu verður að telja að stefnandi sé réttur aðili máls þessa.

Um forkaupsrétt C. og upplýsingagjöf stefnda

- 25 Í málinu liggur frammi samstarfssamningur fyrrum eiganda þess hluta [...] sem D átti, O, og meðeiganda hans að ánni, vitnisins H, fyrirsvarmsmanns c, dags. [...] 1990. Svofelldri áritun var bætt við samstarfssamninginn [...] 1997: *Við undirrituð staðfestum ofangreindan samstarfssamning og erum samþykkt honum að öllu leyti.* Áritunin er undirrituð annars vegar af vitninu H og hins vegar af [...] O. Þann [...] desember 2012 var svofelldri áritun bætt við samstarfssamninginn: *Undirritaðir*

aðilar staðfesta framangreindan samstarfssamning og eru samþykkir honum að öllu leyti. Þessi áritun er undirrituð annars vegar af vitninu H, fyrir hönd C, og hins vegar af stefnda, fyrir hönd D

- 26 Ekki er um það deilt í málinu að fyrirvarsmaður stefnanda, sem var viðsemjandi stefnda, og lögmenn hans fengu aðgang að framangreindum O, sem nú er [...], og vitnisins H frá 1990, að meðtöldum síðari áritunum, í tengslum við kaup á hlutum í D í byrjun september 2018. Þá er ágreiningslaust að fyrirvarsmaður stefnanda og lögmenn hans áttu þess kost að kynna sér efni samstarfssamningsins og eftir atvikum leita frekari upplýsinga um efni hans.
- 27 Við skýrslutökur fyrir dómi kom meðal annars fram, þ.m.t. hjá vitninu G, að lögmenn kaupanda hefðu yfirfarið framangreindan samstarfssamning frá [...] desember 1990 og áður nefndar áritanir á hann og komist að þeirri niðurstöðu að forkaupsréttur, sem lýst er í 12. tölulið samstarfssamningsins, tæki ekki til sölu á hlutum í D Þá kom einnig fram, meðal annars hjá stefnda sjálfum, að kaupendur hefðu, þegar í fyrstu viku september 2018, lýst yfir efasemdum um að vitnið H eða félag hans, C, ætti forkaupsrétt við kaupin.
- 28 Í málinu liggur frammi viðbótarsamkomulag við samstarfssamning, dags. [...]2014, sem vísar sérstaklega til samstarfssamningsins frá [...] desember 1990. Í téðu viðbótarsamkomulagi segir meðal annars: *Eigendur ofangreindra eigna auk 23,68% hlutdeildar í hlutafélaginu Q sem er eigandi jarðarinnar [...], sem sömu aðilar eignuðust að jöfnu [...] 2014, gera með sér það viðbótarsamkomulag, að samstarfssamningurinn, sem að ofan greinir skuli gilda eins og við á í öllum atriðum þeirra á milli, þar á meðal varðandi forkaupsrétt. Forkaupsréttur hvors aðila nær bæði til einstakra eigna eða allra eignanna í heild og félaga sem halda á eignunum hverju sinni. Forkaupsréttarhafi skal hafa allt að 4 vikna frest til svars um forkaupsrétt og allt að 4 vikna frest til greiðslu kaupverðs. Viðbótarsamkomulagið er undirritað annars vegar af fyrirvarsmanni C, vitninu H, og hins vegar af stefnda fyrir hönd D.*
- 29 Af framburði fyrirvarsmanns stefnanda og vitna fyrir dómi, þ.á m. framburði lögmanna G og I, er ljóst að fyrirvarsmaður stefnanda og lögmenn hans fengu fyrst upplýsingar um tilvist þessa viðbótarsamkomulags og aðgang að því í tengslum við fyrirtöku hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í lögbannsmáli þann [...]

2018. Er jafnframt á því byggt af hálfu stefnanda að virða eigi það stefnda til sakar að hafa ekki upplýst um tilvist þessa mikilvæga skjals fyrr í samningsferlinu.
- 30 Stefndi gaf sjálfur þá skýringu fyrir dómi að hann hefði ekki afhent kaupanda hlutanna eða lögmönnum hans viðbótarsamkomulagið frá 2014 fyrr, þar sem þeir hefðu ekki óskað eftir því. Eina sem kaupandinn hefði óskað eftir að fá að sjá hefði verið gögn frá þeim tíma er stefndi keypti umræddar eignir. Stefndi sagði að kaupandinn og lögmenn hans hefðu getað fengið að sjá öll gögn um sögu félagsins, ef þeir hefðu óskað eftir því, en þeir hefðu ekki óskað eftir slíku. Stefndi hefði þar af leiðandi ekki séð ástæðu til að sýna þeim gögnin, þ.á m. nefnt viðbótarsamkomulag frá 2014.
- 31 Stefndi hefur sömuleiðis vísað til þess að kaupandi hluta í D og lögmenn hans hafi, þrátt fyrir framangreint, vitað af forkaupsrétti C, þar sem þeir hafi haft undir höndum framangreindan samstarfssamning frá 1990, með áritunum frá 1997 og 2012. Þá hafi verið vísað til forkaupsréttarins í grein 4.2 í kaupsamningi aðila, sem undirritaður var [...] 2018. Nefnt ákvæði, grein 4.2, er að finna í kafla samningsins þar sem fjallað er um fyrirvara kaupa, og ber yfirskriftina *skilyrði sölu* (e. Conditions of the sale). Ákvæðið felur í sér fyrirvara um eftirgreint *If relevant, the waiver of the Co-owners' right of first refusal in relation to this Purchase Agreement*. Verður ákvæðið ekki skilið á annan veg en þann að ef við eigi, þá séu kaupin gerð með fyrirvara um að meðeigandi falli frá forkaupsrétti sínum við kaupin.
- 32 Stefndi hefur sömuleiðis í þessu samhengi vísað til tölvupósta sem frammi liggja í málinu. Í tölvupósti sem vitnið K, sem hafði milligöngu um kaupin, sendi vitninu M, [...], og E föstudaginn [...] 2019 var lagt til að vitnið K og E hittu *ykkur [...]*, sem verður að ætla að séu stefndi og vitnið M, mánudaginn [...] 2018, með [...] *Jum kaup á D fyrir [...] USD subject to DD, skuldleysi, forkaupsréttarákvæði milli D og C, ...*
- 33 [...] 2018 sendi vitnið K tölvupóst til vitnisins M og E, ásamt viðhengi sem hafði að geyma uppfærðan texta kaupsamnings aðila *miðað við umræðu gærdagsins*. Sjá má af uppfærðu eintaki kaupsamningsins að meðal annars er búið að bæta inn í samninginn grein 4.2, en efni þeirrar greinar er rakið hér að framan. Af tölvupóstinum má jafnframt ráða að aðilar hafi ætlað að hittast á [...] kl. 13:15 eða 13:30 daginn eftir og fara svo til fundar með vitninu H, fyrirsvarsmanni C Af framburði aðila og vitna fyrir dómi má ráða að umræddar fyrirætlanir hafi gengið eftir,

kaupsamningurinn hafi verið undirritaður á [...] 2018 og aðilar átt fund með H þann sama dag, sem hafi brugðist heldur illa við erindi fundarmanna.

34 Vitnið K sendi tölvupóst til vitnisins M og E kl. 18:24 miðvikudaginn [...] 2018, þ.e. eftir að aðilar höfðu hist á [...] og undirritað kaupsamning um kaup á hlutum í D og eftir fund þeirra með vitninu H, þar sem sagði: *Einnig þarf að koma skilaboðum til H, að við betri lestur á samstarfssamningi þá sé forkaupsréttur ekki í gildi fyrir hlutabréf í D og því eigi það ákvæði ekki við þó svo við höfum spurt hann fyrir kurteisis sakir á fundinum áðan.*

35 Af framangreindu má ráða að kaupanda hluta í D. og lögmönnum hans hafi verið það ljóst, við undirritun kaupsamnings þann [...] 2018, að í gildi væri forkaupsréttarákvæði á milli D og C, sbr. samstarfssamning O og H frá 1990. Þeir hafi jafnframt lýst efasemdum um að ákvæðið ætti við um kaup á hlutafé í D. Fær sá skilningur stoð í framburði vitna fyrir dómi, þ.á m. framburði G kaupanda, svo og í framburði stefnda sjálfs. Þá verður einnig að telja ljóst, meðal annars af framburði stefnda sjálfs, að kaupandi hlutanna og lögmenn hans hafi á þessum tímapunkti hvorki haft vitneskju um tilvist eða efni viðbótarsamkomulagsins frá 2014, hvað þá haft afrit af því samkomulagi.

Samanburður á ákvæðum samstarfssamningsins (1990) og viðbótarsamkomulagsins (2014)

36 Forkaupsréttur aðila samkvæmt 12. tölulið samstarfssamnings O og vitnisins H frá 1990 takmarkaðist við eignir, sem taldar voru upp í 2. og 3. tölulið samningsins. Var þar um að ræða jarðirnar [...] og [...], sem verða skyldu eign O, og [...]og [...], sem verða skyldu eign H, svo og [...], [...] og [...] og [...] og [...], sem verða skyldu sérstök sameign þeirra beggja að jöfnu. [...], [...] og [...] og við [...] skyldu sömuleiðis vera sérstök sameign þeirra O og H að hálfu í eign hvors um sig. Samkvæmt 12. tölulið samningsins átti hvor aðili um sig forkaupsrétt að eignum og eignarhlutum hins.

37 Með fyrrnefndri áritun á samninginn [...] 2012 lýstu vitnið H og stefndi því yfir fyrir hönd félaga sinna, annars vegar C og hins vegar D, sem þá hafði eignast þann hlut sem áður tilheyrði O, að þeir staðfestu framangreindan samstarfssamning og að þeir væru samþykkir honum að öllu leyti. Jafnvel þótt skilja megi framangreinda áritun vitnisins H og stefnda á samstarfssamninginn frá 1990 þannig að með henni hafi þeir skuldbundið félög sín til að hlíta ákvæðum samningsins, þ.m.t. 12. tölulið samningsins um forkaupsrétt, þá verður ekki séð að sá forkaupsréttur sem þar er mælt

fyrir um, sbr. 2. og 3. tölulið sammingsins, hafi tekið til sölu á hlutum í D, sbr. kaupsamning E fyrir hönd stefnanda og stefnda, dagsettan [...] 2018.

- 38 Að sama skapi verður að telja að viðbótarsamkomulagið við samstarfssamninginn frá 1990, sem undirritað var [...] 2014, hafi falið í sér rýmri forkaupsrétt til handa C en samstarfssamningurinn frá 1990 kvað á um. Forkaupsréttur samkvæmt viðbótarsamkomulaginu tók með öðrum orðum ekki aðeins til þeirra eigna sem taldar voru upp í 2. og 3. tölulið þess sammings, heldur einnig 23,68% hlutdeildar í hlutafélaginu Q, sem var eigandi jarðarinnar [...], og að auki til *félaga sem halda á eignunum hverju sinni*, en svo var ekki samkvæmt samstarfssamningnum frá 1990.
- 39 Samkvæmt framansögðu verður að telja að viðbótarsamkomulag vitnisins H, fyrir hönd C, og stefnda, fyrir hönd D, frá [...] 2014, hafi falið í sér upplýsingar sem ekki mátti finna við lestur á áður nefndum samstarfssamningi O og H frá 1990, sbr. síðari áritanir á hann, og að auki mælt fyrir um viðbótarréttindi sem ekki fólust í þeim samningi. Mestu skiptir í því samhengi að við hafði bæst gagnkvæmur forkaupsréttur við aðilaskipti að hlutum í eignarhaldsfélögunum C og D, sem ekki var fyrir hendi samkvæmt samstarfssamningnum frá 1990. Samkvæmt því er það ekki rétt, sem stefndi heldur fram, að viðbótarsamkomulagið hafi ekki verið efnislega á annan veg en þann sem stefndi hafði þegar upplýst kaupanda hluta í D um.

Um grandsemi og grandleysi

- 40 Stefndi B greindi sem fyrr segir frá því í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði ekki afhent kaupanda hlutanna í D afrit viðbótarsamkomulagsins frá [...] 2014, þar sem ekki hefði verið eftir því óskað. Verður sú yfirlýsing lögð til grundvallar dómi í málinu, enda verður að telja að hún hafi verið gefin af nægilegri þekkingu og skilningi og ekkert komið fram sem hnekkt geti henni, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 41 Það er álit dómsins að kaupandi hlutanna og lögmenn hans hafi eðli máls samkvæmt aðeins getað óskað eftir þeim gögnum sem þeim var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um. Ekki verður séð af gögnum málsins að kaupandanum eða lögmönnum hans hafi mátt vera kunnugt um tilvist viðbótarsamkomulagsins, eða að það yrði metið þeim í óhag að hafa ekki beðið um afrit af því. Þvert á móti verður að ætla að þeir hafi mátt gera ráð fyrir, annars vegar út frá opinberum upplýsingum um einkahlutafélagið D og hins vegar byggt á þeim gögnum sem þeim hafði sérstaklega verið veittur aðgangur að og þeir kynnt sér, að forkaupsréttur C tæki aðeins til þeirra

- eigna sem sérstaklega voru taldar upp í 2. og 3. tölulið samstarfssamningsins frá 1990, en ekki jafnframt til viðskipta með hluti í D.
- 42 Samþykktir D hafa verið lagðar fram í málinu. Í 6. gr. þeirra er fjallað um forkaupsrétt. Þar er ekki einu orði vikið að forkaupsrétti C við aðilaskipti að hlutum í félaginu eða að viðbótarsamkomulaginu frá [...] 2014. Opinberar samþykktir félagsins gáfu kaupendum hlutanna þar af leiðandi hvorki tilefni til að ætla að slíkur forkaupsréttur væri fyrir hendi, né heldur til að óska eftir afriti af viðbótarsamkomulaginu frá 2014.
- 43 Stefnda B mátti vera ljóst að upplýsingar um forkaupsrétt C á hlutum í D, á grundvelli viðbótarsamkomulagsins frá [...] 2014, skiptu kaupanda hluta í félaginu verulegu máli. Stefndi mátti jafnframt gera sér grein fyrir því að mikilvægt væri fyrir kaupanda félagsins að fá allar þær upplýsingar sem til væru um forkaupsréttinn, en ekki aðeins hluta þeirra upplýsinga, þannig að hann gæti í samráði við lögmann sína lagt heildstætt mat á stöðu sína.
- 44 Stefndi mátti sömuleiðis gera sér grein fyrir því, miðað við framburði vitna fyrir dómi og gögn málsins, sem vísuðu sérstaklega til mögulegs forkaupsréttar C vegna kaupa á hlutum í D, að það var réttilega skilningur viðsemjanda hans og lögmannna hans að forkaupsréttur samkvæmt 12. tölulið, sbr. 2. og 3. tölulið samstarfssamningsins frá 1990, tæki ekki til viðskipta með hluti í D. Því heldur var ástæða fyrir stefnda til að upplýsa af sjálfsdáðum um að fyrir hendi væri viðbótarsamkomulag frá 2014, sem tæki sérstaklega á því að forkaupsréttur C tæki ekki aðeins til þeirra eigna sem samstarfssamningurinn frá 1990 tók til, heldur jafnframt til viðskipta með hluti í félögum sem ættu þær eignir, þótt ekki væri getið um þann rétt í samstarfssamningnum sjálfum.
- 45 Að sama skapi verður ekki fallist á það með stefnda að fullnægjandi hafi verið að greina kaupanda hluta í D aðeins frá því að C ætti mögulega forkaupsrétt við kaupin, án þess að afhenda fullnægjandi gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu.

Um trúnaðarskyldu samningsaðila og sök stefnda

- 46 Það er meginregla í samningarétti að samningsaðilar bera við samningsgerð tiltekna trúnaðarskyldu hvor gagnvart öðrum og að hvor um sig skuli taka réttmætt tillit til hagsmuna hins. Þá hefur verið talið að saknæmt brot gegn trúnaðarskyldunni geti leitt til skaðabótaskyldu viðkomandi vegna fjártjóns, sem viðsemjandi hans hefur orðið fyrir sökum þess að hann treysti gagnaðila sína til að standa rétt að málum, að því

gefnu að skilyrði um orsakasamband og sennilega afleiðingu séu uppfyllt. Vægi trúnaðarskyldunnar hefur sömuleiðis verið talið fara vaxandi eftir framvindu samningaviðræðna aðila, ekki síst eftir að samningur er kominn á.

- 47 Samkvæmt framangreindri meginreglu, sem veitir vörn gegn því að samningsaðilar einblíni um of á eigin hagsmuni í samningaviðræðum á kostnað viðsemjanda síns, ber samningsaðila meðal annars að veita þær upplýsingar sem almennt má búast við að aðili upplýsi viðsemjanda sinn um við þær aðstæður sem uppi eru hverju sinni. Þá ber samningsaðila sömuleiðis að upplýsa um atriði sem gætu skipt viðsemjanda hans máli og eftir atvikum valdið honum tjóni.
- 48 Í máli þessu var kaupsamningur undirritaður [...] 2018 um kaup á hlutum í D, eftir undanfarandi samningaviðræður. Stefndi vissi á þeirri stundu að viðsemjandi hans og lögmenn hans höfðu ekki minnstu hugmynd um tilvist eða efni viðbótarsamkomulags hans, fyrir hönd D, og vitnisins H, fyrir hönd C, frá 2014, sem mælti meðal annars fyrir um forkaupsrétt síðarnefnda félagsins við sölu á hlutum í því félagi sem stefndi var að selja. Stefnda var sömuleiðis ljóst að kaupandi hlutanna og lögmenn hans stóðu í þeirri trú, að forkaupsréttur C stæði því ekki í vegi að kaupin gengju eftir og að þeir byggðu þann skilning á túlkun samstarfssamnings O og vitnisins H frá 1990.
- 49 Stefndi mátti gera sér grein fyrir því að jafnvel þótt hann teldi það ólíklegt, þá væri það í það minnsta mögulegt að C myndi nýta sér forkaupsrétt sinn samkvæmt viðbótarsamkomulaginu frá 2014. Þá mátti hann vita, að gerði C slíkt myndi það hafa veruleg áhrif á réttarstöðu kaupanda hlutanna og ónýta kaup hans á helmingshlut í [...]. Þrátt fyrir það stofnaði stefndi til samningaviðræðna við kaupanda hlutanna í [...] 2018 og hélt þeim áfram allt til 12. september, án þess að veita fullnægjandi upplýsingar um forkaupsrétt C, með tilheyrandi kostnaði fyrir kaupandann.
- 50 Gögn málsins bera með sér að umræður hafi átt sér stað á milli fulltrúa stefnda og kaupanda hlutanna um það hvernig samningur aðila skyldi efndur og kaupandinn gert tiltekna undirbúningsathafnir í því samhengi. Samkvæmt grein 3.1. í kaupsamningi aðila bar kaupandanum að greiða kaupverðið eigi síðar en [...] 2018. Tveim dögum fyrr barst lögmanni kaupanda tölvupóstur frá lögmanni stefnda þar sem tilkynnt var um að vitnið H hefði ákveðið að nýta forkaupsrétt sinn. Viðskipti aðila voru því nánast komin á endastöð er tilkynning barst um nýtingu forkaupsréttarins og rúmar

tvær vikur liðu til viðbótar þar til fullnægjandi gögn voru lögð fram honum til stuðnings.

- 51 Að því virtu og með vísan til alls þess sem að framan er rakið, svo og atvika málsins, verður að virða þá háttsemi stefnda að upplýsa viðsemjanda sinn í greint sinn ekki um þær mikilvægu upplýsingar sem fólust í viðbótarsamkomulaginu frá [...] 2014 honum til sakar. Jafnframt verður að ætla að þessar upplýsingar hafi skipt kaupanda félagsins verulegu máli og að þær hafi verið til þess fallnar að hafa áhrif á vilja hans til að ganga til viðskipta við stefnda. Þá verður einnig að fallast á það með stefnanda að athafnaleysi stefnda að þessu leyti hafi verið til þess fallið að valda honum fjártjóni.

Nánar um fjártjón stefnanda og kröfugerð hans

- 52 Stefnandi hefur kosið að haga málatilbúnaði sínum með þeim hætti að gera aðeins kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda á tjóni stefnanda af vanefndum stefnda, fremur en að gera kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða tilgreinda fjárhæð. Með áðurnefndum úrskurði dómsins frá [...] 2020 var komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði *sýnt nægjanlega fram á lögvarða hagsmuni sína af því að halda fram kröfu um viðurkenningu skaðabótaskyldu sökum tjóns vegna kaupsamnings aðila, ráðgjafar við gerð hans og lögmannskostnaðar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.*
- 53 Við efnismeðferð málsins fyrir dóminum dró lögmaður stefnda í efa að allur sá kostnaður sem reikningsfærður var samkvæmt tveimur fram lögðum reikningum frá lögmannsstofunni [...], sem gætti hagsmuna kaupanda hluta í D í greint sinn, gæti hvað sem öðru liði talist tjón í þessu samhengi, þar sem sá kostnaður hefði fallið til eftir undirritun kaupsamnings [...] 2018. Stefndi hefur sömuleiðis dregið í efa að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna meints athafnaleysis stefnda, þar sem upplýst sé að kaup hluta í D hafi verið fjármögnuð af vitninu L. Hafi einhver orðið fyrir tjóni sé það því vitnið L, en ekki stefnandi.
- 54 Stefnandi hefur á móti lagt fram ársreikning stefnanda vegna rekstrarársins 2018, sem sýnir að aðkeypt þjónusta félagsins á því ári nam tæplega [...] milljónum króna og að tap félagsins á því rekstrarári hafi numið rúmlega [...] milljónum króna. Kom fram hjá fyrirvarsmanni félagsins fyrir dómi að meginhluti þessara fjárhæða hefði verið til kominn vegna framangreindra reikninga [...]. Ekki er að mati dómsins efni til að draga þá yfirlýsingu í efa, enda ekkert fram komið í málinu sem hnekkir henni.

- 55 Þótt fallast megi á það með stefnda að sannað sé, meðal annars með framburði vitnisins G lögmans, að hluti þess kostnaðar sem nefndir reikningar [...] tóku til hafi fallið til eftir undirritun kaupsamnings aðila, þá er ekki hægt að fallast á þá ályktun stefnda að bótaréttur stefnanda sé einskorðaður við kostnað sem til féll fyrir undirritun kaupsamningsins. Þvert á móti verður að telja að stefnandi geti, að bótaskilyrðum uppfylltum, krafist bóta vegna alls þess kostnaðar sem leiða má af framangreindu athafnaleysi stefnda, allt þar til úr var bætt þann [...] 2018, hvort heldur sem sá kostnaður féll til fyrir eða eftir undirritun kaupsamnings aðila.
- 56 Þá er eigi heldur hægt að fallast á þau sjónarmið stefnda að hafi einhver orðið fyrir tjóni þá sé það vitnið L en ekki stefnandi, þar sem vitnið hafi fjármagnað kaupin. Í framburði vitnisins fyrir dómi kom fram að hann hefði ætlað að fjármagna kaupin með láni til stefnanda. Að því virtu og þar sem ætla verður að stefnandi hafi átt að endurgreiða lán vitnisins, svo og með vísan til ársreiknings stefnanda fyrir árið 2018 og reikninga [...], sem stílaðir eru á stefnanda, þá verður að telja sannað að ætlað tjón tilheyrir stefnanda en ekki vitninu L.
- 57 Að því virtu og án tillits til þess hvort stefnanda verði eftir atvikum gert að bera hluta kostnaðar síns sjálfur, þá verður hvað sem því líður að telja ljóst að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni vegna saknæmrar háttsemi stefnda, þ.e. að veita kaupendum hluta í D ekki fullnægjandi upplýsingar um forkaupsrétt C samkvæmt viðbótarsamkomulaginu frá 2014. Það tjón fólst meðal annars í aðkeyptri ráðgjöf lögmanna við samningsgerðina og í kjölfar hennar. Ekki verður hins vegar skorið úr um umfang þess tjóns í máli þessu, eins og kröfugerð stefnanda er háttað, heldur verður úrlausn þess ágreinings að bíða síðari tíma. Er að því virtu fallist á varakröfu stefnanda í málinu.
- 58 Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og atvikum öllum, svo og með vísan til 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til þess að hluta málsins var vísað frá dómi með úrskurði dómsins þann [...] 2020, að kröfu stefnda. Eðli máls samkvæmt er ekki ástæða til að dæma stefnanda til að greiða álag á málskostnað, eins og stefndi gerir kröfu um.
- 59 Af hálfu stefnanda flutti málið Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður.
- 60 Af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Eiríksson lögmaður.

61 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við málinu 14. janúar 2021 en hafði ekki afskipti af því fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Viðurkennd er skaðabótaskylda stefnda, B, á tjóni stefnanda, A, af vanefndum stefnda.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson